



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 126

Auður Björg Ingvarsdóttir

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 126

Auður Björg Ingvarsdóttir

Formáli

Auður Björg Ingvarsdóttir fæddist 4. nóvember 1933 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Ingvar Kristjánsson, bifreiðarstjóri og bifreiðaeftirlitsmaður, fæddur 4. október 1904, látinn 5. desember 1987 og Margrét Sesselja Gunnlaugsdóttir húsfreyja, fædd 16. janúar 1894, látin 28. janúar 1962. Auður Björg á einn bróður Gunnlaug Þór Ingvarsson tannlækni, fæddur 17. júlí 1936.

Auður Björg útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1952 og með Cand. Med. frá Gautaborgarháskóla 1968. Hún fékk almennt lækningaleyfi í Svíþjóð sama ár og sérfræðingsleyfi í almennum geðlækningum í Svíþjóð 1974. Auður Björg starfaði sem læknir í Svíþjóð frá 1968 þar til hún flutti aftur til Íslands árið 1999.

Auður Björg giftist Ingemar Gustafsson árið 1964. Hann lést 6. maí 1989. Tók Auður Björg eftirnafn manns síns og er skráð í þjóðskrá sem Björg Ingvarsdóttir Gustafsson. Eignuðust þau eina dóttur, Matilda, f. 22. mars 1965 og er hún búsett í Svíþjóð. Heimildir: *Borgarskjalasafn Reykjavíkur*: Íbúaskrá 1953. Gunnlaugur Haraldsson: *Læknar á Íslandi* I. bindi, Reykjavík 2000.

Afhending: Auður Björg afhenti Borgarskjalasafni skjalasafn sitt í október 1998, ágúst 1999, október 2003, júní 2009 og maí 2016.

Innihald: Skjalasafnið inniheldur að mestu skjöl Auðar Bjargar en einnig skjöl frá móður hennar Margréti Sesselju Gunnlaugsdóttur, móðursystur hennar Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur, móðurbróður Gunnlaugi Gunnlaugssyni og langalangaömmu Þórdísi Gísladóttur.

Tími: Skjölin eru frá árunum 1889-2012.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn, prentað mál og ljósmyndir o.fl.,

Sendibréf:

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur (Buggu) frá foreldrum hennar, Ingvari Kristjánssyni og Margréti Gunnlaugsdóttur, ódagsett.

Til Margrétar Gunnlaugsdóttur (Möggu) frá Siggu, ódagsett.

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur frá ?, dagsett 26. júní 1941.

Til Gunnlaugs frá Gunnlaugi Gunnlaugssyni, dagsett 31. október 1984.

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur (Buggu) frá föður hennar Ingvari Kristjánssyni, dagsett 14. október 1959.

Til bróður frá B. Gunnlaugssyni, dagsett 26. september 1906.

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur frá föður hennar Ingvari Kristjánssyni, dagsett 12. júlí 1986.

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur (Buggu) frá föður hennar Ingvari Kristjánssyni, dagsett 14. október, án árs.

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur, líklega föður hennar Ingvari Kristjánssyni, dagsett 18. október 1960.

Til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur frá föður hennar Ingvari Kristjánssyni, dagsett 17. mars, án árs.

Smáprent:

Leikskrár Þjóðleikhússins 1952-1977, ekki allar leiksýningar.

Sýningardagskrá Íslenska ballettsins í Gautaborg, 1989.

Sýningaskrár málverkasýninga, 1953-1955.

Tónleikaskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar, 1954-1955 og 1958.

Tónleikaskrár Tónlistafélagsins, 1953-1956 og 1958-1959.

Orgelstónleikar Páls Ísólfssonar í Dómkirkjunni, 1953.

Orgelstónleikar E. Power Biggs 10.-16. júní, án árs.

Minningabók Ingibjargar Gunnlaugsdóttur frá 1908-1913, leikskrá frá MR 1950 árituð, vottorð, sendibréf, ýmis skírteini, ljósmyndir, einkunnir o.fl.

Eftirmæli Bjarna Bjarnasonar frá Vigdísarstöðum, dáinn vorið 1922, eftir Ásgeir Magnússon kennara. Handritað.

Munar-mál. Eptir prestinn Síra Gunnlaug Gunnlaugsson. Kvæði samið af eiginkonu hans Þórdísi Gísladóttur. Úrklippa úr blaði frá um 1889.

Einkunnir Auðar Bjargar Ingvarsdóttur 1942-1946.

Leikskrá frá Leikkvöldi Menntaskólans 1950. *Sjónvitri leirkerasmiðurinn*. Gamanleikur í fimm þáttum. Á leikskránnar eru eiginhandaráritanir frá þeim sem tóku þátt í leikritinu en Auður Björg Ingvarsdóttir var ein af leikendum.

Tryggingarskírteini Ingibjargar Gunnlaugsdóttur frá Samvinnutryggingum, 1958.

Skuldabréf Gunnlaugs Gunnlaugssonar dagsett 16. október 1944.

Stofnendaskírteini Ingibjargar Gunnlaugsdóttur í félaginu, 17. júní, 1949.

Bólusetningarvottorð Auðar Bjargar Ingvarsdóttur, 1942.

Einkunnir Ingibjargar Gunnlaugsdóttur frá Flensborgarskóla, 1910.

Einkunnir Margrétar Gunnlaugsdóttur frá Kvennaskólanum á Blönduósi, 1915.

Ljósmyndir:

Ljósmynd af dreng, ómerkt. Ljósmyndari Sigríður Zoëga.

Gunnar Böðvarsson. Ljósmyndari Sigríður Zoëga.

Ljósmynd af karlmanni á hestbaki merkt J. Guðmundsson, Ljárskógar, án árs.

Portrettmynd af karlmanni, án árs.

Ljósmynd af karli og konu merkt Halldór og Margrét, Bergþórugötu 53. (Í Manntali 1941 eru skráð á Bergþórugötu 53 Halldór Oddur Sigurðsson verkstjóri, fæddur 8. september 1872 látinn 30. júlí 1950 og kona hans Margrét Jónsdóttir, fædd 27. ágúst 1872 látin 25. febrúar 1854. Á þessum árum bjó Auður Björg Ingvarsdóttir einnig á Bergþórugötu 53 ásamt foreldrum og bróður).

Lítil ljósmynd og stærra útprint úr tölvu af sömu mynd af konu í sjúkrarúmi og nunnu, líklega tekin á Landakotsspítala. Myndin er merkt Rannveig Kolbeinsdóttir, án árs.

Ljósmynd úr Aðalbyggingu Háskóla Íslands, líklega tekin um 1954-1955. Á myndinni

eru taldir að neðan: Egill Halldórsson, Páll Ásgeirsson, Þór Halldórsson, Guðjón Sigurkarlsson, Halla Þorbjörnsdóttir, Jóhanna Jóhannsdóttir, Jóhann Guðmundsson, Óþekktur, Örn Arnar, Jón Jóhannesson, Haukur Árnason, Þorgeir Þorgeirsson, Einar Baldvinsson, Jón Níelsson.

Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir
og Njörður Sigurðsson

Viðbót við skjalasafn Bjargar afhent 15. júní 2009 og 30. maí 2016.
Skjölín eru frá árunum 1903-2012.

Askja 2

Bréf, fermingar- og fæðingarvottorð, prófskírteini, kort, o.fl.

Örk 1

Staðfesting á fermingu Auðar Bjargar Ingvarsdóttur, 24. september 1950.
Fæðingarvottorð Auðar Bjargar Ingvarsdóttur, 7. október 1953.
Gagnfræðaskóli Reykvíkinga. Prófskírteini, 1948.
Gagnfræðaskóli Reykvíkinga. Prófskírteini, 1949.
Menntaskólinn í Reykjavík. Prófskírteini, 1952.
Háskóli Íslands. Námsferilsbók, 1952-1953 og 1957-1958.
Læknadeild Háskóla Íslands. Námsferilsbók, 1954-1958.
Universitetet i Göteborg. Medicinska fakulteten, Tentamensbok, 1960-1968.

Örk 2

Læknánám og vinna á sjúkrahúsum í Gautaborg o.fl., 1958-2000.

Örk 3

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, *Siðfræði lífs og dauða*, 1994.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, *Sagnir frá Grænlandi og Vínlandi*, 1996.
Myndlistaskólinn í Reykjavík, myndlistarnámskeið, 1997.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, *Reykjavíkursvæðið sem sögu svið sagna frá fyrri öldum*, 2000.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, *Sturlunga I*, 2001.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, *Sturlunga*, 2001.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Mímir, *Sturlunga*, 2002.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Mímir, *Sturlunga*, 2002.
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Mímir, *Brennu- Njálssaga síðari hluti*, 2003.

Örk 4

Kort. Margrét Gunnlaugsdóttir, frá Buggu (Björgu), 1925.
Kort og jólakort. Björg Ingvarsdóttir, frá ýmsum, líklega á tímabilinu frá 1950-1961 og án árs.
Kort til Gunnlaugs Þ. Ingvarssonar, frá Buggu (Björgu), 1952.
Kort til Ingvars Kristjánssonar, frá Buggu (Björgu) 1952-1977 og án árs.
Umslag merkt: Signorina Audur B. Ingvarsdóttir. Inni í því er kort með mynd og undirskrift Piusar páfa XII.

Örk 5

Íslensk ástarljóð. Inn í bókina er skrifað „Ingibjörg Gunnlaugsdóttir frá ... 1919“.
Skrúdda. Vísur og kvæði handskrifuð. Fremst í bókinni stendur „Margrét S. Gunnlaugsdóttir, 23. febrúar 1960“.
Skrifað af Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur. Prosi. Sennilega á fundi heima hjá henni á Skólavörðustíg 44, 20. september 1961.
Eftirmæli. Þórdís Gísladóttir eftir Jakob Finnbogason, án árs.

Guðríður Jóhannesdóttir fædd 1884 segir frá. Skrifað upp úr bókinni *Íslenskar ljósmæður* sem séra Sveinn víkingur bjó til prentunar 1962.

Gjafabréf. Björg Ingvarsdóttir gefur í orgelsjóð Hallgrímskirkju, til minningar um Ingvar Kristjánsson og Margréti Gunnlaugsdóttur, 1990.

Arngrímur Ragnar Guðjónsson. Bréf frá honum 1960-1962. Minningargrein um Arngrím frá 1990. Tölvupóstur frá Guðjóni E. Arngrímssyni með mynd: „Hér færðu mynd af þeim feðgunum Guðjóni afa og pápa“ 10. apríl 2000.

Þjóðskjalasafn Íslands. Afhendingarblað. Þjóðskjalasafn tekur á móti skjölum Gunnlaugs Gunnlaugssonar, 5. maí 1960.

Örk 6

Ferðin á heimsenda. Barnabók eftir Jón Ólafsson, 1903.

Skólaljóð, síðara hefti, líklega frá 1938.

Sólskin, 1944.

Umslag: Mynd af *Stundsjá* og lýsing númer 1065, tekið saman af Jóni Árnasyni, 7. maí 1956, vélritað.

Harmonium schule, án árs.

Örk 7

Ljósmynd: Gagnfræðingar frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1949, aftan á myndina eru skrifuð nokkur nöfn.

Borði og merki, líklega frá 1944.

Örk 8

Jóla kort til Auðar Bjargar Ingvarsdóttur, 1955.

Prentaðar nótur. Með þeim er bréf frá Björgu; „Ég vann sem unglingur í Hljóðfæraverslun í Bankastræti. Þá sá ég þessar nótur og kópieraði þær, hafði ekki ráð að kaupa. Þetta er nokkuð vel gert og spilaði eftir þeim. Hefi rammað þessar upp en vil ekki henda í ruslið“. Orgelsjóður Hallgrímskirkju. Kvittun fyrir framlagi til orgelpípu í minningu um Ingvar Kristjánsson og Margréti Gunnlaugsdóttur, 2. maí 1990 og blaðaúrklippa úr *Morgunblaðinu* um orgelið, 7. nóvember 1992.

Svenska Expertresor. Ferð til Salzburg- Heidelberg- Eutin- Bad Ischl, dagskrá o.fl., 26. júlí til 5. ágúst 1990.

Pálnatókavinafélagið- Pílagrímakórinn. Dagskrá Suðurgöngu 2 o.fl., 14.- 28. júní 1996.

Í fótspor fornra syndasela, grein í *Morgunblaðinu*, 18. ágúst 1996.

Sannindavottorð. Björg Ingvarsdóttir hefur sótt námskeið til undirbúnings Jórvíkurferðar í maí 1998.

Textar við lög.

Bréf til lækna á Íslandi vegna útgáfu bókarinnar *Læknar á Íslandi*, september 1999.

Söngsveitin Fílharmónía 40 ára. Saga kórsins og greinar úr *Morgunblaðinu* um Róbert A. Ottósson, 21. júlí 2001 og 15. apríl 2012.

Bréf til og frá Auði Björgu Ingvarsdóttur og Reyni Tómasi Geirssyni, 5.-17. febrúar 2003.

Umslag. Bókin *Mjallhvít*, gefin út af Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar, án árs.

Skráð í nóvember 2009 og maí 2016,
Gréta Björg Sörensdóttir